

Merkingar í Hafnarfirði – mat á stöðunni

Í Ferðamálastefnu Hafnarfjarðar, sem samþykkt var í upphafi þessa árs, er eitt brýnasta verkefnið að vinna að gerð merkinga og uppsetningu þeirra. Mikið hefur verið rætt um að merkingum sé ábótavant og þar sérstaklega horft til þeirrar miklu umferðar sem liggur til og frá Keflavíkurlflugvelli til Reykjavíkur. Á þeirri leið er fátt sem bendir á Hafnarfjörð sem mögulegan áningarstað og er það miður. Eftirfarandi forgangsverkefni eru nefnd í ferðamálastefnunni:

- Unnin verði tillaga að formi og staðsetningu ferðamannamerkinga í bænum. Í framhaldi af því verði unnin tímasett áætlun, fyrir árslok 2013, um uppsetningu á ferðamannamerkingum á ensku og íslensku í samráði við framkvæmdasvið. Skrifstofa menningar- og ferðamála og framkvæmdasvið eru ábyrg fyrir því að setja fram raunhæfa, tímasetta áætlun um merkingar.
- Komið verði á fót upplýsingaútskoti eða áningarstað við innkomuna í bæinn þegar komið er frá Keflavíkurlflugvelli. Gera þarf deiliskipulagsbreytingu vegna þessa og samþykki frá Vegagerðinni þarf að liggja fyrir.

Áningarstaður eða útskotsskilti með korti af Hafnarfjarðarbæ

Menningar- og ferðamálafultrúi hefur í sumar unnið með Vegagerðinni að því að finna heppilegan stað á Reykjanesbrautinni og þar ber flest að sama brunni. Útskot á Reykjanesbrautinni verður afar kostnaðarsamt vegna umferðarhraða og mun Vegagerðin ekki taka þátt í þeim kostnaði. Þá þarf að hafa fyrirhugaða breikkun brautarinnar í huga. Einn staður var aðallega til skoðunar, gamall vigtunarstaður á móts við Straum en að mati Vegagerðarinnar er aðrein þar alltof stutt og útskot ekki nægilega langt frá umferð. Vegagerðin benti á staðsetningu í Vogalandi þar sem aðrein og útskot eru nú þegar fyrirbyggjandi en það er mat undirritaðrar að sá staður henti ekki, hann sé of langt frá bænum og muni því ekki gegna því hlutverki að vekja athygli á Hafnarfirði þegar sjást fer í byggð.

Nú er unnið að því að kanna kosti þess að í stað áningarstaðar og skiltis með korti og upplýsingum verði sett upp stórt skilti utan helgunarsvæðis Vegagerðarinnar sem hefur það að markmiði að grípa auga þeirra sem keyra hjá. Á slíku skilti rúmast ekki miklar upplýsingar einungis texti á borð við *Hafnarfjörður, the town in the Lava welcomes you* eða *Next Stop: The Town in the Lava, Hafnarfjörður*. Ef sú niðurstaða þykir ásættanleg þarf að kanna kostnað vegna smíði á slíku skilti og vegna uppsetningar auk hönnunar. Fjármagn fyrir skilti og hönnun rúmast innan ársins 2013 á lið ferðamála og því tillaga undirritaðar að það verði sett í forgang. Kanna þarf þó kostnað vegna uppsetningar.

Skilti með korti af bænum og þjónustupplýsingum

Þrjú upplýsingaskilti fyrir ferðamenn með þjónustupplýsingum og korti af miðbænum er að finna í miðbæ Hafnarfjarðar. Eitt stendur við Bókasafn Hafnarfjarðar, eitt er utan á Hótel Víking og eitt er að finna í verslunarmiðstöðinni Firði þar sem strætó stoppar. Nauðsynlegt er að yfirfara upplýsingar á þessum skiltum og skipta út filmum. Eins hefur Hótel Hafnarfjörður óskað eftir að fá slíkt skilti. Lagt er til að ráðist verði í endurgerð þessara þriggja skilta og jafnframt verði tveimur skiltum bætt við, við Hótel Hafnarfjörð og við tjaldstæðið á Víðistaðatúni.

Aðrar merkingar

Yfirfara þarf I merkingar en þær virðast í ágætu lagi og það sama er að segja um merkingar sem vísa á tjaldstæðið. Kallað hefur verið eftir merkingum sem vísi veginn á hótelin tvö í bænum og á Íshesta og þarf að kanna hvernig þau mál standa.

Þetta minnisblað er hugsað sem upptaktur að vinnu við tímasetta áætlun þessara merkinga ásamt kostnaðarmati.

Marín Hrafnisdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðar